

Námsumhverfi - skref til skilvirkni




Search this site

Heim

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinningur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 2: Þróun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.
Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Leiðbeiningar unnar af sérfræðingum
BECTA (*British Educational Communications and Technology Agency*)
undir opnu notendaleyfi og þýddar með
styrk frá Menntamálaráðuneyti Íslands.



Verkefnið er unnið innan Menntaskólans á
Ísafirði.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

 Search this site

Yfirlit

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 2: Próun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Sampætting](#)[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar til þess að vera skólum hjálpartæki til þess að taka upp og gera vefræn námsumsjónarkerfi að daglegu umhverfi nemenda og kennara. Leiðbeiningarnar eru byggðar á víðtækri reynslu og rannsóknum á þessu sviði. Þær gera notendum kleift að staðsetja sig í ferlinu, áætla næstu skref og að gera námsumsjónarkerfið og aðra tækni að daglegum þætti í skólastarfi.

Skilgreind eru fimm skref sem skólar þurfa að taka til þess að geta að fullu nýtt sér þá kosti sem í vefrænu námsumhverfi felast. Í hverju skrefi eru tiltekin atriði sem þarf að skoða og leggja mat á hvernig til hefur tekist.

En hvers vegna að nota vefræn námsumhverfi?

Nýlegar breskar rannsóknir á vegum þarlendra menntamálayfirvalda (Institute of Education) hafa leitt í ljós ýmiskonar ávinning af því að taka upp slík kerfi. Nánar verður farið í niðurstöður rannsóknanna hér á eftir og þær studdar með tilvísunum í tiltekin atriði.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

Ávinnungur notenda

Heim**Yfirlit****Ávinnungur notenda****Um leiðbeiningarnar****Lagt af stað****Skref fyrir skref****Hvar stöndum við?****Skref 1: Árvekni****Skref 2: Þróun****Skref 3: Upptaka****Skref 4: Samþætting****Skref 5: Umbylting****Umsjón með síðu:** Rúnar H. Haraldsson**Netfang:** runar@misa.is

Rannsóknir hafa sýnt að eftir því sem skólar taka fleiri skref í átt til fullrar upptöku á námsumsjónarkerfi því meiri ávinnung hljóta þeir.

Stjórnendur	<ul style="list-style-type: none"> ■ Aukin skilvirkni upplýsingaflæðis innan skólasamfélagsins, þar á meðal milli kennara, stjórnenda, nemenda og foreldra. ■ Foreldrar verða almennt betur upplýstir um skólastarfið. ■ Innra mat og stjórnun verður skilvirkari. ■ Greining upplýsinga um skólastarfið batnar og söfnun upplýsinga greiðari. ■ Betri upplýsingar fást um nemendur. ■ Stuðningur við skólapróun eykst. ■ Stuðningur við sérkennslu batnar og pátttaka nemenda með sérþarfir í skólasamfélagini verður meiri.
Nemendur	<ul style="list-style-type: none"> ■ Nemendur hvattir til að taka ábyrgð á eigin námi. ■ Auðveldari aðgangur nemenda að námsefni sem er viðeigandi og hvetjandi. ■ Aukin samvínna meðal nemenda. ■ Færni nemenda eykst í páttum eins og upplýsingatækni, samvinnu og gagnrýnni hugsun. ■ Samskipti og samvinna kennara, nemenda og utanaðkomandi sérfræðinga eykst. ■ Fleiri tækifæri til að stunda jafningja og sjálfsmat. ■ Fleiri tækifæri til hópavinnu, þar á meðal í heimanámi. ■ Rödd nemenda heyrst betur og aukið lýðræði í skólastarfi.
Kennrarar	<ul style="list-style-type: none"> ■ Betra upplýsingaflæði til foreldra. ■ Fleiri bjargir standa kennurum til boða til að styðja við kennslu þeirra. ■ Námsmat verður auðveldara sem hjálpar einnig til við markmiðasetningu i kennslu. ■ Hægt er að koma fyrr auga á þá einstaklinga sem þurfa á viðbótaraðstoð að halda. ■ Fleiri tækifæri gefast til samvinnu milli kennara og á milli skóla. ■ Vinnutími kennara verður sveigjanlegri og tími þeirra nýttist betur. ■ Kennrarar öðlast fleiri tækifæri til að proskast í starfi.
Foreldrar	<ul style="list-style-type: none"> ■ Hafa aðgang að betri upplýsingum um nám barna sinna og taka meiri þátt í því sem er að gerast í skólanum. ■ Geta stutt betur við nám barna sinna. ■ Hafa betri aðgang að upplýsingum um skipulag skólans. ■ Eru meðvitaðir um hvað eru góð vinnubrögð í námi og hvað ekki. ■ Eru betur í stakk búnir til að veita skólanum aðhald. ■ Heimavinna nemenda verður sýnileg.

Til athugunar:

Rannsóknir hafa sýnt vefræn námsumhverfi hafa jákvæð áhrif á eftirtalda þætti skólastarfsins:

- Stuðningur eykst við skipulagningu námsins, stjórnun og framkvæmd.
- Aukin tækifæri gefast til páttöku í ýmsum verkefnum, til samskipta og samvinnu.
- Dreifing upplýsinga og námsefnis.

- Stuðningur við fjölbreytta kennsluhætti.
- Þátttaka foreldra í skólastarfi.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

Um leiðbeiningarnar

Heim

Yfirlit

Ávinnungur notenda

Um leiðbeiningarnar

Lagt af stað

Skref fyrir skref

Hvar stöndum við?

Skref 1: Árvekni

Skref 2: Þróun

Skref 3: Upptaka

Skref 4: Samþætting

Skref 5: Umbýlting

Um leiðbeiningarnar:

Leiðbeiningar þessar eru settar upp í skrefum. Skrefin innihalda útlistanir á því hvað nemendur, kennarar, stjórnendur og foreldrar þurfa að taka sér fyrir hendur til að uppfylla skrefið. Þetta er síðan stutt gögnum úr tilviksraðsóknunum úr skólum og ráðleggingum sérfraðinga.

Skrefin eru sem hér segir:


Árvekni – þróun – upptaka – samþætting - umbýlting

Vefrænt námsumhverfi er ekki að fullu komið í notkun fyrr en meirihlut skólasamfélagsins er farinn að nota það í daglegum störfum við fjölbreytt viðfangsefni. Það er mikilvægt að endurskoða og meta að hversu miklu leyti möguleikar námsumhverfisins eru komnir í notkun með reglubundnum hætti.

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Gert er ráð fyrir að skólar séu misjafnlega langt á veg komnir þegar kemur að því að nýta sér möguleika þess námsumhverfis sem er til staðar í skólanum. Af þeim sökum þarf að aðlaga módelið að notendum og einstökum skólum. Hægt er að taka skrefin eitt af öðru í heild sinni, eða þróa áfram einstaka þætti módelins.



[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

Lagt af stað

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notanda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 2: Þróun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umþylting](#)

Rannsóknir hafa sýnt að ákveðin skilyrði þurfa að vera til staðar til þess að innleiðing námsumhverfisins gangi sem snurðulausast fyrir sig:

- Skólastjórnendur þurfa að hafa haldgóða áætlun í höndunum um það hvernig þeir hyggjast standa að innleiðingu námsumhverfisins.
- Skólasamfélagið í heild sinni þarf að standa saman að breytingunum ásamt sveitarfélagini (þar sem það á við) og þjónustuaðila námsumhverfisins.
- Samstæða þarf að vera um markmið breytinganna.
- Að námsumhverfið sé tekið upp í vel skilgreindum skrefum þar sem tillit er tekið til þarfa ólíkra aðila.
- Áætlanir um þjálfun kennara og annarra starfsmanna liggi fyrir.
- Verkaskipting liggi fyrir.
- Að nemendur hafi aðgang að stafrænu efni við hæfi í góðum gæðum.
- Að áætlanir séu endurmetnar reglulega og fylgst með því hvort markmiðum hafi verið náð.

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

Skref fyrir skref

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 2: Þróun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Sampætting](#)[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.
Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

1.

Farið yfir núverandi stöðu með því að nota skemað „Hvar stöndum við?“
Ákveðið hvað eru í forgangsatriði með því að skoða liðin „Hvert viljum við stefna?“

2.

Áætlið næstu skref í samræmi við þarfir skolasamfélagsins í samræmi við
leiðbeiningar í liðnum „Hvernig förum við að?“
Setjið skýr mælanleg markmið í samræmi við liðin „Útkoma“.

3.

Gerið áætlanir varðandi þjálfun og stuðning í samræmi við þarfir.
Endurskoðið áætlanir í samræmi við markmið með reglubundnum hætti.
Notið námsumhverfið til þess að styðja við, bæta og breyta kennsluháttum sem og
öðrum þáttum skólastarfsins.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

Hvar stöndum við?

Heim
Yfirlit

Ávinnungur notenda**Um leiðbeiningarnar****Lagt af stað****Skref fyrir skref****Hvar stöndum við?****Skref 1: Árvekni****Skref 2: Próun****Skref 3: Upptaka****Skref 4: Sampætting****Skref 5: Umþylting**

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

1. Árvekni

- Skólinn hefur sett upp námsumhverfi á vef og kerfið er opið nemendum og kennurum.
- Yfirmenn skólans eru byrjaðir á því að setja saman áætlun hvernig eigi að nota námsumhverfið til að auðvelda skólanum að ná markmiðum sínum.
- Starfsmenn hafa fengið grunnpjálfun og hafa aðgang að stuðningi við notkun kerfisins.
- Nokkrir starfsmenn eru byrjaðir að gera tilraunir með námsumhverfið og hafa gert sér hugmyndir um það hvernig námsumhverfið getur stutt við nám og kennslu.
- Smáir nemendahópar hafa fengið aðgang að kerfinu og hafa jákvæð viðhorf gagnvart notkunarmöguleikum þess, eins og til dæmis tölvupósti og spjallsvæðum.

2. Próun

- Yfirmenn skólans hafa gert sér áætlun um það hvaða stefnu próun námsumhverfisins á að taka til þess að námsumhverfið þjóni markmiðum skólastarfsins.
- Starfsmenn eru í vaxandi mæli meðvitaðir um hina mismunandi möguleika námsumhverfisins til að styðja við nám, kennslu, skipulag, dreifingu gagna og samskipta. Þessir eiginleikar námsumhverfisins er byrjaðir að hafa áhrif á starfshætti skólans.
- Sífellt fleiri nemendur eru farnir að nýta sér möguleika kerfisins sem hluta af námi sínu ýmist í skólanum eða heima.
- Starfsmenn eru farnir að setja upp tímaáætlunar í samræmi við þá möguleika sem leynast í kerfinu.
- Foreldrar eru í smáum mæli farnir að nýta sér möguleika kerfisins.

3. Upptaka

- Stjórnendur hafa sett saman áætlun um það hvernig námsumhverfið nýtist markmiðum skólans sem best og unnið er að því að fylgja þeirri áætlun.
- Námskerfið er nú í notkun í öllum deildum skólans.
- Bæði kennarar og nemendur þekkja kerfið og nota það í daglegum störfum.
- Skólasamfélagið kemur auga á og er sammála um notagildi námsumhverfisins.
- Skólinn heldur áfram að yta undir að foreldrar kynni sér og noti námsumhverfið til að taka þátt í skólastarfinu.

4. Sampætting

- Stjórnendur endurskoða og þróa áfram áætlun um það hvernig námsumhverfið þjóni skólanum sem best. Fleiri þættir í skólastarfinu eru undir en áður.
- Hluti af almennri umsýslu skólastarfsins fer nú fram í gegnum námsumhverfið.
- Námsumsjónarkerfið er hluti af daglegu umhverfi þeirra sem að skólanum koma.
- Nemendur notfæra sér reglulega þær bjargir sem er að finna innan námsumsjónarkerfisins, ljúka verkefnum og skila í gegnum það.
- Foreldar notfæra sér námsumsjónarkerfið til að afla sér upplýsinga um skólastarfið ásamt því að sjá upplýsingar um sitt eigið barn.
- Skólasamfélagið er opið fyrir hugmyndum um það hvernig skólinn geti nýtt sér og þróað námsumhverfið.

5. Umbylting

- Þeir möguleikar sem eru til staðar innan námsúmsjónarkerfisins eru að fullu nýttir.
- Notkun námsúmþverfisins heldur áfram að próast til þess að styðja enn betur við þroska hvers nemenda og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Námi og kennslu hefur verið umbylt en fólk fylgist með frekari framþróun.
- Stór hluti af umsýslu við skólastarfið fer nú fram innan kerfisins og breytingar í starfsháttum koma strax fram þar.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

Skref 1: Árvekni

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 1: stuðningur](#)[Skref 1: samvinna](#)[Skref 1: upplýsingar](#)[Skref 1: kennsla](#)[Skref 1: foreldrar](#)[Skref 2: Próun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umþylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Stjórnendur þurfa að:

- Skilja möguleika námsumhverfisins til þess að styðja við þau markmið sem sett eru fram í próunaráætlunum skólans
- Skapa sér sýn ásamt lykilþáttakendum skólasamfélagsins hvernig námsumhverfið getur stutt við markmið og hugsjónir skólastarfsins.
- Búa til teymi sem er ætlað að hafa umsjón með innleiðingu námsumhverfisins.
- Fara reglulega yfir og endurskoða áætlanir um innleiðingu námsumhverfis með markmið og þarfir skólans næstu 2 árin í huga. Lykilþáttakendur skólasamfélagsins þurfa að vera hluti af þessu.
- Fylgjast vel með hvernig netöryggismálum skólans er háttar.
- Halda reglulega matsfundi þar sem farið er yfir málin og sigrum fagnað .

Subpages (5): [Skref 1: foreldrar](#) [Skref 1: kennsla](#) [Skref 1: samvinna](#) [Skref 1: stuðningur](#) [Skref 1: upplýsingar](#)

Námsuhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

[Skref 1: Árvekni >](#)

Skref 1: stuðningur

Heim**Yfirlit****Ávinnungur notenda****Um leiðbeiningarnar****Lagt af stað****Skref fyrir skref****Hvar stöndum við?****Skref 1: Árvekni**[Skref 1: stuðningur](#)[Skref 1: samvinna](#)[Skref 1: upplýsingar](#)[Skref 1: kennsla](#)[Skref 1: foreldrar](#)**Skref 2: Þróun****Skref 3: Upptaka****Skref 4: Samþætting****Skref 5: Umþylting****Umsjón með síðu:** Rúnar H. Haraldsson**Netfang:** runar@misá.is

Stuðningur við stjórnun og skipulagningu

Hvert viljum við stefna?

- Auðveldari áætlanagerð.
- Bjargir fyrir kennara og stjórnendur eru til staðar á netinu. Upplýsingar til kennara og starfsmanna eru til staðar á öruggum stað innan námsuhverfisins sem bætir upplýsingaflæði milli starfsmanna og stjórnenda.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Mikilvægum skjólum og upplýsingum um stefnu er dreift í gegnum námsuhverfið.
- Starfsfólk getur nálgast efni, bæði aðkeypt og búið til af kennurum í gegnum námsuhverfið.
- Tilkynningar um skólastarfið eru settar inn á námsuhverfið.
- Valdir hópar nemenda hafa aðgang að efni í gegnum námsuhverfið, nokkuð sem stuðlar að auknu sjálfstæði í námi.

Stjórnendur

- Skipuleggja notendastuðning í skólanum með aðstoð valinna starfsmanna.
- Skoða með hvaða hætti þjálfun starfsmanna skuli vera, með þarfir skólans og markmið að leiðarljósi.
- Athuga uppsetningu námsuhverfisins með það markmið í huga að sem auðveldast sé að nálgast upplýsingar.
- Skipuleggja notendaðgang fyrir nemendur og starfsfólk.

Útkoma

- Hópur starfsmanna fer inn í námsuhverfið með reglubundnum hætti til að nálgast upplýsingar. Eftir nokkurt hik í byrjun er fólk farið að tala um hversu auðvelt sé að nálgast upplýsingar í gegnum námsuhverfið.
- Starfsfólk líkar vel hversu auðvelt er að nálgast efni á námsuhverfinu og langar að læra meira. Viðbrögð nemenda hvetja þróunarvinnu áfram, nemendur og kennarar eru áhugasamir.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

[Skref 1: Árvekni >](#)

Skref 1: samvinna

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 1: stuðningur](#)[Skref 1: samvinna](#)[Skref 1: upplýsingar](#)[Skref 1: kennsla](#)[Skref 1: foreldrar](#)[Skref 2: Próun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is**Tækifæri til samvinnu í námi og samskipta eru efld.**

Hvert viljum við stefna?

- Tæknin nýtist í aukum mæli til samskipta og samvinnu milli kennara.
- Nemendur fá betri tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar með þátttöku í könnunum og umræðuþráðum.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar.

- Nemendur eflast í gagnrýnni hugsun með aðstoð kannana og umræðuþráða.
- Hvetja nokkra nemendur til þess að deila afrakstri vinnu sinnar með foreldrum/forráðamönnum í gegnum námsumhverfið.

Stjórnendur

- Vekja athygli skólasamfélagsins á öruggri netnotkun.
- Hvetja til notkun kannanna og umræðuþráða þar sem það á við.
- Taka saman og deila endurgjöf um það hvernig til hefur tekist með að efla samvinnunám.
- Taka saman og deila endurgjöf um það hvernig til hefur tekist með skólapróun með hjálpu kannanna (innan námsumhverfisins).

Útkoma

- Starfsfólk Í leggur sitt af mörkum til skólapróunar með því að taka þátt í umræðum og könnunum.
- Starfsfólk Í er byrjað að prófa sig áfram í notkun hinna ýmsu verkfæra sem námsumhverfið býður upp á.
- Valdir nemendahópar eru byrjaðir að taka þátt af fullum krafti.
- Sumir nemendur eru farnir að deila vinnu sinni með foreldrum/ forráðamönnum í gegnum námsvefinn.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

[Skref 1: Árvekni >](#)

Skref 1: upplýsingar

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 1: stuðningur](#)[Skref 1: samvinna](#)[Skref 1: upplýsingar](#)[Skref 1: kennsla](#)[Skref 1: foreldrar](#)[Skref 2: Próun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Upplýsingastjórnun og dreifing

Hvert viljum við stefna?

Námsumhverfið er leið til þess að nálgast og deila upplýsingum um nemendur.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar.

- Með hjálp upplýsinga sem safnað hefur verið saman í gegnum námsumhverfið er þeim nemendum sem standa illa komið til aðstoðar.

Stjórnendur

- Ganga úr skugga um það að upplýsingar um nemendur séu réttar. Þetta er gert með því að hafa fastmótaða verkferla til staðar þar sem farið er yfir upplýsingar með skipulegum hætti.

Útkoma

- Mikilvæg skjöl og skýrslur um skólastarfið eru aðgengileg í gegnum námsumhverfið.
- Starfsfólk aðlagar námsumhverfið þannig að það geti geymt viðkvæmar upplýsingar um nemendur með öruggum hætti.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

[Skref 1: Árvekni >](#)

Skref 1: kennsla

[Heim](#)[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 1: stuðningur](#)[Skref 1: samvinna](#)[Skref 1: upplýsingar](#)[Skref 1: kennsla](#)[Skref 1: foreldrar](#)[Skref 2: Próun](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umbýlting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Kennslufræðilegar áherslur

Hvert viljum við stefna?

- Frumkvöðlar nota fjölbreyttari verkfæri og námsefni heldur en áður.
- Nokkuð af þeim verkfærum og því námsefni sem til er á rafrænu formi er notað til þess að styðja við þá nemendur sem sýna mest sjálfstæði í námi.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar.

- Hópur nemenda og kennara úr ýmsum deildum skólans hafa aðgang að námsefni á rafrænu formi sem dreift er í gegnum námsumhverfið. Þarna er átt við efni á ýmsu formi s.s. efni á heimsíðum, myndböndum, tónhlöðutæku efni og skjölum.
- Hópur nemenda hefur eigin aðgang að námsefni sem ýtir undir sjálfstæð vinnubrögð, s.s. vefsíðum og námsleikjum.

Stjórnendur

- Öllu starfsfólk er gefin kostur á að skoða og gefa álit sitt á kostum og göllum þess að reka vefrænt námsumhverfi.
- Netöryggi er hluti af námskrá skólans og starfsþjálfunaráætlun hans.
- Starfsfólk fær kynningu og einstaklingsþjálfun í notkun námsumhverfisins, þar á meðal kennslu í því á hvaða formi gögn þurfa að vera og hversu stórar skrár geta verið.

Útkoma

- Nokkrir starfsmenn eru farnir að setja upp verkefni inni í námsumhverfinu ásamt námsefni. Verkefnin styðja við sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Nokkrir starfsmenn eru farnir að nálgast námsefni sem aðrir starfsmenn hafa annað hvort vísað í eða sett inn á námsumhverfið.
- Fáeinir námshópar eru farnir að nýta sér verkefni og námsefni sem er að finna innan námsumhverfisins til að nota sjálfstætt í tínum.
- Allir notendur hafa fengið kynningu á námsumhverfinu og eru meðvitaðir um þann stuðning við starfsfólk sem er í boði.

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

[Skref 1: Árvekni >](#)

Skref 1: foreldrar

Heim

Yfirlit

Ávinnungur notenda

Um leiðbeiningarnar

Lagt af stað

Skref fyrir skref

Hvar stöndum við?

Skref 1: Árvekni

Skref 1: stuðningur

Skref 1: samvinna

Skref 1: upplýsingar

Skref 1: kennsla

Skref 1: foreldrar

Skref 2: þróun

Skref 3: Upptaka

Skref 4: Samþætting

Skref 5: Umbylting

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Pátttaka foreldra og stuðningur þeirra við nám utan og innan skólastofunnar

Hvert viljum við stefna?

Nokkuð af upplýsingum, myndum og sýnisdæmum með vinnu nemenda hefur verið sett inn í námsumhverfið þar sem foreldrar / forráðamenn nemenda geta kynnt sér skólastarfið.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar.

- Kennrarar byrja að þróa svæði innan námsumhverfisins þar sem foreldrar/ forráðamenn geta kynnt sér dæmi um vinnu nemenda og fengið upplýsingar.
- Nokkrir nemendur eru farnir að nýta sér námsumhverfið til að deila vinnu sinni með öðrum.

Stjórnendur

- Eitthvað af starfsfólkini er farið að taka ábyrgð á svæðum innan námsumhverfisins og uppfæra upplýsingar þar reglulega.
- Allir notendur eru sér meðvitaðir um þau hjálpartæki sem fólk stendur til boða hvað varðar örugga netnotkun.
- Gera sér grein fyrir að það þarf að deila upplýsingum með forráðamönnum nemenda og þessar þarfir purfa að endurspeglast í áætlunum skólans.
- Settur er á stofn ráðgjafahópur skipaður forráðamönnum sem hefur það hlutverk að gæðaprófá námsumhverfið að svo miklu leyti sem það snýr að foreldrum og að veita skólanum endurgjöf.

Útkoma

- Upplýsingar um viðburði og aðrar tilkynningar eru settar inn í námsumhverfið, með tilliti til stefnu skólans og netöryggis hvað varðar birtingu á myndum og persónuöryggi.
- Bæði nemendur og kennrarar leggja sitt af mörkum til að upplýsa foreldra.
- Nokkur hópur nemenda eru nú notendur námsumhverfisins og þeir eru hvattir til þess að deila reynslu sinni með forráðamönnum.
- Hópur forráðamanna eru að prófa sig áfram með notkun námsumhverfisins og styður skólann í viðleitni sinni.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

Skref 2: Þróun

Heim
Yfirlit

Ávinningur notenda

Um leiðbeiningarnar

Lagt af stað

Skref fyrir skref

Hvar stöndum við?

Skref 1: Árvekni

Skref 2: Þróun

Skref 2: stuðningur

Skref 2: samvinna

Skref 2: upplýsingar

Skref 2: kennsla

Skref 2: foreldrar

Skref 3: Upptaka

Skref 4: Samþætting

Skref 5: Umþylting

Umsjón með síðu: Rúnar H.
Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Stjórnendur þurfa að:

- Skapa tækifæri fyrir alla starfsmenn skólans til að skilja og deila sýn skólans á þróun námsumhverfisins í skólanum og taka þátt í þróunarstarfinu.
- Veita öllum starfsmönnum tækifæri til þess að fylgjast með þróunarstarfinu og að þeir geti tileinkað sér þá færni sem er að myndast innan skólaumhverfisins.
- Sjá til þess að allir starfsmenn skólans pekki áætlanir skólans varðandi námsumhverfið, bæði tímasetningar og markmið.
- Sjá til þess að áætlanir um þjálfun starfsmanna séu gerðar og að nægum fjármunum sé varið til námskeiðahalds.
- Sjá til þess að öryggismál séu í lagi pannig að starfsmenn, nemendur og forráðamenn geti haft aðgang að þeim upplýsingum sem þeir þurfi og geti deilt upplýsingum á öruggan hátt.
- Fara reglulega yfir áætlanir og markmið til þess að þróunarstarfið haldist á réttri braut.

Subpages (5): [Skref 2: foreldrar](#) [Skref 2: kennsla](#) [Skref 2: samvinna](#) [Skref 2: stuðningur](#) [Skref 2: upplýsingar](#)

[Sign In](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

[Skref 2: þróun >](#)

Skref 2: stuðningur

Heim

Yfirlit

Ávinnungur notenda

Um leiðbeiningarnar

Lagt af stað

Skref fyrir skref

Hvar stöndum við?

Skref 1: Árvekni

Skref 2: Þróun

[Skref 2: stuðningur](#)

[Skref 2: samvinna](#)

[Skref 2: upplýsingar](#)

[Skref 2: kennsla](#)

[Skref 2: foreldrar](#)

Skref 3: Upptaka

Skref 4: Samþætting

Skref 5: Umbylting

Umsjón með síðu: Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Stuðningur við stjórnun og skipulagningu

Hvert viljum við stefna?

- Allir starfsmenn hafa aðgang að áætlunum og upplýsingum varðandi kennslu og eftirfylgni við nemendur á öruggu svæði.
- Upplýsingar fyrir nemendur varðandi skipulag skólans eru á aðgengilegum stað á vef skólans.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Starfsfólk og stjórnendur nota námsumhverfið til þess að uppfæra og deila lykilskjölum sín á milli.
- Allar upplýsingar sem starfsfólk þarf að halda er hægt að nálgast í gegnum námsumhverfi skólans.
- Brautryðjendur deila reynslu sinni með öðru starfsfólk til ígrundunar.
- Nemendum er veittur aðgangur að viðeigandi upplýsingum varðandi skipulag skólans í gegnum námsumhverfið.

Stjórnendur

- Stjórna aðgangi notenda að kerfinu. Skýrar reglur eru settar.
- Koma auga á leiðir fyrir brautryðjendur til að styðja við aðra notendur kerfisins.
- Sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til þess að þroa áfram þekkingu sína á upplýsingatækni í daglegum störfum.

Útkoma

- Áætlanir varðandi notkun námsumhverfisins hafa verið felldar inn í áætlanir skólans um upplýsingatækni almennt.
- Starfsfólk fer daglega inn í námsumhverfið til að sækja sér upplýsingar.
- Fleiri kennarar nota námsumhverfið til þess að bæta nám nemenda sinna.
- Aukið gegnsæi í skipulagningu og dreifingu upplýsinga leiðir til þess að tími starfsfólks nýttist betur.
- Flestir nemendur hafa fengið aðgang að námsumhverfinu og hafa skrifað undir samkomulag um ábyrga netnotkun.
- Sífellt fleiri nemendur skrá sig inn í námsumhverfið til að nálgast gögn varðandi skipulag náms og námsefni, til dæmis stundatöflu, dagatal og tilkynningar.

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

[Skref 2: Þróun >](#)

Skref 2: samvinna

Heim[Yfirlit](#)[Ávinnungur notenda](#)[Um leiðbeiningarnar](#)[Lagt af stað](#)[Skref fyrir skref](#)[Hvar stöndum við?](#)[Skref 1: Árvekni](#)[Skref 2: Þróun](#)[Skref 2: stuðningur](#)[Skref 2: samvinna](#)[Skref 2: upplýsingar](#)[Skref 2: kennsla](#)[Skref 2: foreldrar](#)[Skref 3: Upptaka](#)[Skref 4: Samþætting](#)[Skref 5: Umbylting](#)**Umsjón með síðu:** Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Tækifæri til samvinnu í námi og samskipta eru efld.

Hvert viljum við stefna?

- Betri samskiptaleiðir milli kennara og nemenda auðvelda nemendum skipulagingu.
- Nemendur eru að læra inn á þau verkfæri innan námsumhverfisins sem gera þeim kleift að deila upplýsingum. Þeir eru einnig að tileinka sér góða samskiptasíði á netinu.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Sífellt fleiri nemendur fá tækifæri til þess að þráða áfram samskiptahæfni sína og gagnrýna hugsun. Þeir taka þátt í umræðum og könnunum innan námsumhverfisins.
- Notendur skiptast á upplýsingum um hvernig er best að nota umræðupræði og aðrar bjargir innan kerfisins.
- Valdir hópar nemenda fá tækifæri til að deila vinnu sinni með skólasamfélaginu, til dæmis með því að notast við myndbönd, wiki-síður, myndir og hljóð.
- Til prufu eru sett upp svæði innan námsumhverfisins þar sem völdum notendum eða námhópum er gefið tækifæri til þess að styðja hver við annan í námi. Þar að auki er hægt að leita til kennara innan svæðisins.

Stjórnendur

- Bæta upplýsingaflæði innan skólasamfélagsins með því að sjá til þess að upplýsingar eins og stefna skólangs, fundargerðir, verkefni, heimavínna o.s.frv. sé aðgengilegt á vefnum.
- Ná samkomulagi við páttakendur í skólasamfélaginu um að námsumhverfið sé notað til þess að dreifa upplýsingum.
- Sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt varðandi netnotkun nemenda og starfsfólks.

Útkoma

- Skólastjórnendur, starfsfólk og valdir nemendur nota kannanir og samskiptasvæði innan námsumhverfisins reglulega til að þráða áfram færni sína og meta notkun sína á upplýsingatækni.
- Aukin samvinna kennara, meðal annars með notkun umræðupráða, að skiptast á námsefni og því að vinna að sameiginlegum skjölum.
- Umræðupræðir eru markvisst notaðir til þess að auka samvinnu nemenda og til jafningjamats.
- Nemendur eru hvattir til þess að láta í sér heyra, til dæmis með því að taka þátt í könnunum og umræðupráðum sem varða skipulag skólangs og umhverfi.
- Nemendur sýna að þeir geti tileinkað sér örugga notkun rafrænna miðla.
- Forráðamenn sýna áhuga á að nýta sér námsumhverfið og styðja við notkun þess.
- Allir nemendur hafa tækifæri til þess að taka þátt í verkefnum á unnum netinu. Þetta kemur nemendum sem eru feimnir og óframfærnir sérstaklega til góða.

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

[Skref 2: Þróun >](#)

Skref 2: upplýsingar

Heim**Yfirlit****Ávinnungur notanda****Um leiðbeiningarnar****Lagt af stað****Skref fyrir skref****Hvar stöndum við?****Skref 1: Árvekni****Skref 2: Þróun****Skref 2: stuðningur****Skref 2: samvinna****Skref 2: upplýsingar****Skref 2: kennsla****Skref 2: foreldrar****Skref 3: Upptaka****Skref 4: Samþætting****Skref 5: Umbylting****Umsjón með síðu:** Rúnar H.**Haraldsson****Netfang:** runar@misa.is

Upplýsinga-stjórnun og dreifing.

Hvert viljum við stefna?

- Kennarar hafa úr meiru að moða þegar þeir meta vinnu og nám. Þetta auðveldar einkunnagjöf, endurgjöf til nemenda og hjálpar til við markmiðasetningu.
- Upplýsingar fylgja nemandanum frá ári til árs sem gerir það að verkum að meiri samfella verður í námi.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Brautryðendur koma upplýsingum um markmið og gefa endurgjöf til nemendahópa og forráðamanna þeirra í gegnum netið.
- Upplýsingar um hegðun og mætingar eru uppfærðar reglulega og settar út á netið.

Stjórnendur

- Ákvæða hvaða upplýsingar eiga að vera aðgengilegar í námsumhverfinu.
- Fara yfir verkferla til að tryggja að upplýsingar séu uppfærðar reglulega.
- Gera upplýsingar um hegðun, mætingar og námsframvindu aðgengilegar til þess að auðvelda foreldrum að fylgjast með og styðja við nám.
- Sjá um umsýslu með notendum, þ.e. notandanöfn og aðgangsorð.

Útkoma

- Starfsfólk ið deilir upplýsingum um nám og aðra þætti reglulega með forráðamönnum.
- Starfsfólk ið gerir sér grein fyrir því hvaða möguleikar eru fyrir hendi innan námsumhverfisins til þess að safna saman upplýsingum og geyma þær og eru meðvitað um þann tímasarnað sem af þessu hlýst.
- Starfsmenn eru meðvitaðir um hvaða upplýsingar forráðamenn geta haft aðgang að og nýta sér það í auknum mæli með því að setja sílikar upplýsingar á vefinn.
- Nemendur eru sér meðvitaðir um að námsumhverfið er öruggur vettvangur þar sem kennarar og forráðamenn geta séð námsframvindu þeirra, námsmarkmið, hegðun þeirra og mætingu.
- Hópur forráðamanna hefur aðgang að einkunnum barna sínna sem og verkefnaskilum.

Námsumhverfi - skref til skilvirkni



Search this site

[Skref 2: þróun >](#)

Skref 2: kennsla

Heim
Yfirlit
Ávinnungur notenda
Um leiðbeiningarnar
Lagt af stað
Skref fyrir skref
Hvar stöndum við?
Skref 1: Árvekni
Skref 2: Þróun
Skref 2: stuðningur
Skref 2: samvinna
Skref 2: upplýsingar
Skref 2: kennsla
Skref 2: foreldrar
Skref 3: Upptaka
Skref 4: Sampætting
Skref 5: Umbylting
Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson
Netfang: runar@misa.is

Kennslu-fræðilegar áherslur

Hvert viljum við stefna?

- Æ fleiri starfsmenn nota fjölbreyttari bjargir í kennslu sem hafa verið samhæfðar skólanámskrá.
- Námsefnið sem er að finna á námsumhverfinu virkar hvetjandi á nemendur og gerir kröfur til þeirra.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Kennrar eru hvattir til að breyta og próa áfram námsefni sem er til staðar í námsumhverfinu, en einnig til að deila því með samstarfsmönnum.
- Viðeigandi námsefni stendur völdum nemendahópum til boða í gegnum námsumhverfið.
- Nemendur eru hvattir til að láta í sér heyra varðandi framboð á námsefni og þeim leiðum sem þeim standa til boða í námsumhverfinu.
- Nemendum hafa tækifæri til þess að nálgast það efni sem er að finna í námsumhverfinu bæði innan kennslustofunnar sem og utan hennar.

Stjórnendur

- Sjá til þess að starfsfólk hafi tækifæri til að þjálfa sig í notkun námsumhverfisins.
- Sjá til þess að brautryðendur hafi tækifæri til þess að deila reynslu sinni með öðru starfsfólk í bæði hvað varðar notkunarmöguleika kerfisins sem og kennslufræðilega þætti.
- Sjá til þess að nemendur hafi tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri með notkun kannana, með notkun umræðupráða og á fundum.

Útkoma

- Nokkur fjöldi starfsmanna notar námsumhverfið til þess að auka við möguleika sína á því að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og styðjast við margskonar námsefni. Hluti starfsfólksins vinnur að námsefnisgerð.
- Hluti starfsfólksins notast við vefræn verkfæri til þess að meta kennsluaðferðir sínar og fá endurgjöf frá nemendum.
- Brautryðendum eru orðnir ljósir kostir þess að nota námsumhverfið til þess að taka við verkefnavinna nemenda og gefa þeim endurgjöf.
- Tækifæri til sjálfstæðra vinnubragða af hálfu nemenda hafa aukist með tilkomu fjölbreyttara námsefnis, verkefnaskila og kannana á netinu.
- Fleiri nemendur en áður fara inn í námsumhverfið utan skólastofunnar.
- Nokkrir nemendur geta tekið þátt í samvinnuverkefnum í gegnum netið. Þetta gefur feimnum og óframfærnum nemendum betri tækifæri til þátttöku í slíkum verkefnum.

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

 Search this site

[Skref 2: þróun >](#)

Skref 2: foreldrar

[Heim](#)
[Yfirlit](#)
[Ávinnungur notenda](#)
[Um leiðbeiningarnar](#)
[Lagt af stað](#)
[Skref fyrir skref](#)
[Hvar stöndum við?](#)
[Skref 1: Árvekni](#)
[Skref 2: Þróun](#)
[Skref 2: stuðningur](#)
[Skref 2: samvinna](#)
[Skref 2: upplýsingar](#)
[Skref 2: kennsla](#)
[Skref 2: foreldrar](#)
[Skref 3: Upptaka](#)
[Skref 4: Samþætting](#)
[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Pátttaka foreldra og stuðningur þeirra við nám utan og innan skólastofunnar

Hvert viljum við stefna?

- Aukið magn upplýsinga er til staðar fyrir foreldra. Foreldrar eru betur upplýstir en áður um nám barna sinna.
- Upplýsingarnar eru á ýmsu formi og er að finna inni í námsumhverfinu.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Samskipti við foreldra eflast. Foreldrar komast sjálfir inn í námsumhverfið til að afla sér upplýsinga.
- Nemendur setja upplýsingar um námsframvindu sína inni í námsumhverfið (til dæmis með rafrænum verkefnaskilum) og eru hvattir til að deila þessum upplýsingum með forráðamönnum sínum.
- Upplýsingar á ýmsu formi gera dagskrá skólans aðgengilega í gegnum námsumhverfið.
- Nemendur fá tækifæri til þess að auka getu sína í notkun upplýsingatækni með notkun margmiðlunarefnis sem er að finna í námsumhverfinu.

Stjórnendur

- Sjá til þess að verkferlar séu til staðar sem að tryggja að notkun námsumhverfisins sé eins skilvirk og kostur er til dæmis með því að henda út óþórfum upplýsingum, gömlum tilkynningum o.s.fr.
- Tilkynningar til foreldra og fréttabréf eru sett út á netið, í þessu felst sparnaður.
- Foreldrar eru meðvitaðir um stefnu skólans í netöryggismálum.
- Starfsmenn eru hvattir til þess að notfæra sér möguleika námsumhverfisins til þess að meta vinnu nemenda (vefræn skil). Þetta styður við nám nemenda utan skólans

Útkoma

- Skólinn hefur þróað með sér hugmyndafræði sem byggir á því að skólinn deilir upplýsingum með forráðamönnum í gegnum námsumhverfið til þess að styðja við pátttoku þeirra í námi nemenda.
- Til eru svæði innan námsumhverfisins sem eru notuð til þess að sýna vinnu sem er til fyrirmynnar og útkomu úr sérverkefnum. Svæði þetta er notað reglulega.
- Starfsmenn gera sér að fullu grein fyrir því hvaða upplýsingar rata til forráðamanna og hegða sér samkvæmt því.
- Nemendur hafa tækifæri til þess að læra á námsumhverfið með því að kynna sér kynningarafni um það sem er að finna inni í námsumhverfinu. Kynningarafnið er á ýmsu formi, til dæmis myndbond, tónhlöðutækt efni, og skýringarmyndir.
- Endurgjöf og hvatningu til nemenda er hægt að nálgast í gegnum námsumhverfið, þetta styrkir nám utan hefðbundins skólatíma.
- Gegnsæi í skólastarfinitu eykst.

- Skólinn sinnir kynningarstarfi fyrir foreldra varðandi þá möguleika sem opnast með notkun námsumhverfisins. Forráðamenn fá tækifæri til þess að læra á námsumhverfið og stuðning í notkun þess.

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Search this site

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Skref 3: Upptaka

Heim
Yfirlit

Ávinnungur notenda

Um leiðbeiningarnar

Lagt af stað

Skref fyrir skref

Hvar stöndum við?

Skref 1: Árvekni

Skref 2: Próun

Skref 3: Upptaka

Skref 3: stuðningur

Skref 3: samvinna

Skref 3: upplýsingar

Skref 3: kennsla

Skref 3: foreldrar

Skref 4: Sampætting

Skref 5: Umþyfting

Stjórnendur þurfa að:

- Sjá til þess að meðlimir skólasamfélagsins hafi tækifæri til að skoða markmiðin með innleiðingu námsumhverfisins og notkun þess.
- Ganga úr skugga um að nauðsynleg þjónusta við notendur sé til staðar til þess að námsumhverfið nýtist sem best við kennslu, nám og utanumhald.
- Gera innleiðingaráætlunina hluta af reglubundnu ferli par sem farið er yfir innleiðinguna.
- Sjá til þess að mat á áætlunum varðandi innleiðingu námsumhverfisins taki til skólans í heild sinni, par sem farið sé yfir kosti þess að taka upp námsumhverfið fyrir nám, kennslu og stjórnun. Þetta á bæði við um skólann og ytra umhverfi hans.
- Sjá til þess að stefna og verkferlar innan skólans varðandi örugga dreifingu upplýsinga um nemendur séu til staðar.
- Sjá til þess að næg tækifæri til endurgjafar frá meðlimum skólasamfélagsins séu til staðar.

Subpages (5): [Skref 3: foreldrar](#) [Skref 3: kennsla](#) [Skref 3: samvinna](#) [Skref 3: stuðningur](#) [Skref 3: upplýsingar](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H.

Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

[Sign in](#) | [Report Abuse](#) | [Print Page](#) | [Remove Access](#) | Powered By [Google Sites](#)

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

 Search this site

[Skref 3: Upptaka >](#)

Skref 3: stuðningur

Heim
Yfirlit
Ávinnungur notenda
Um leiðbeiningarnar
Lagt af stað
Skref fyrir skref
Hvar stöndum við?
Skref 1: Árvekni
Skref 2: Próun
Skref 3: Upptaka
Skref 3: stuðningur
Skref 3: samvinna
Skref 3: upplýsingar
Skref 3: kennsla
Skref 3: foreldrar
Skref 4: Samþætting
Skref 5: Umþylting
Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson
Netfang: runar@misa.is

Stuðningur við stjórnun og skipulagningu

Hvert viljum við stefna?

- Lykilskjöl eru öllum starfsmönnum aðgengileg á vefnum. Þetta auðveldar stjórnendum að koma markmiðum sínum áleiðis til starfsmanna.
- Skipulag skólans og stefnumið eru nemendum aðgengileg á vefnum. Nemendur eiga að geta nálgast þetta efni á auðveldan hátt og þeir eru hvattir til þess að notfæra sér það.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

- Hvatt er til þess að skólamenningin ýti undir sveigjanleg vinnubrögð með því að starfsmenn nýti sér möguleika námsumhverfisins til þess að deila með sér skjölum í gegnum vefinn. Þeir eru einnig hvattir til þess að nýta sér spjallpræði eða önnur verkfæri til samskipta.
- Hvetja nemendur til þess að tjá sig í gegnum námsumhverfið. Þetta á til dæmis við um nemendaráð, jafningjaðstöð og stuðning við polendur eineltis.
- Höpar nemenda fá aðgang og stjórn yfir völdum svæðum innan námsumhverfisins. Þannig geta þeir lagt sitt til málanna.

Stjórnendur

- Setja fram markmið um notkun námsumhverfisins fyrir hópa og einstaklinga.
- Koma markmiðum í framkvæmd með því að sjá til þess að stuðningur sé til staðar fyrir einstaklinga og hópa.
- Sjá til þess að netöryggismálum sé fylgt eftir í samræmi við stefnu skólans.
- Sjá til þess að starfsmenn, bæði einstaklingar og höpar hafi tíma til þess að próa getu sína í notkun upplýsingatækni.
- Sjá til þess að samfella og samræmi sé í áætlana og námskrárgerð, meðal annars með því að dreifa upplýsingum og fá endurgjöf í gegnum námsumhverfið.

Útkoma

- Allar tilkynningar og upplýsingar eru til staðar innan námsumhverfisins. Þessar upplýsingar eru eftir því sem við á aðgengilegar öllu starfsfólk, nemendum og öðrum páttakendum í skólasamfélaginu.
- Starfsfólk Í leggur til málanna varðandi áætlanir skólans með því að nýta sér þau verkfæri sem eru til staðar innan námsumhverfisins.
- Starfsfólk Í notar námsumhverfið til þess að geyma upplýsingar og námsefni. Þetta hvetur til þess að vinnan verður sveigjanlegri og að fólk deili með sér reynslu og þekkingu.
- Stjórnendur eru farnir að nýta sér verkfæri námsumhverfisins til þess að próa áfram verkferla varðandi áætlanagerð. Þetta á til dæmis við um verkfæri sem gera starfólk kleyft að fylgjast með og gera athugasemdir.
- Nemendur nálgast upplýsingar s.s. tilkynningar á einum stað. Þetta gerir upplýsingaöflun þeirra skilvirkari.

Námsumhverfi - skref til skilvirkni

Search this site

[Skref 3: Upptaka >](#)

Skref 3: samvinna

Heim

[Yfirlit](#)

[Ávningur notenda](#)

[Um leiðbeiningarnar](#)

[Lagt af stað](#)

[Skref fyrir skref](#)

[Hvar stöndum við?](#)

[Skref 1: Árvekni](#)

[Skref 2: Þróun](#)

[Skref 3: Upptaka](#)

[Skref 3: stuðningur](#)

[Skref 3: samvinna](#)

[Skref 3: upplýsingar](#)

[Skref 3: kennsla](#)

[Skref 3: foreldrar](#)

[Skref 4: Samþætting](#)

[Skref 5: Umbylting](#)

Umsjón með síðu: Rúnar H. Haraldsson

Netfang: runar@misa.is

Tækifæri til samvinnu í námi og samskipta eru efld.

Hvert viljum við stefna?

- Tækifæri til aukinnar samvinnu á sviði endurmenntunar starfsfólks eru til staðar. Þetta á bæði við um samvinnu innan skólans og við aðra skóla.
- Nemendur nota námsumhverfið við jafningja og sjálfsmat.

Hvernig förum við að?

Kennsla, nám og verkferlar

